

Dags. 05. september 2017

KAUPSAMNINGUR

um útgáfuréttindi Pressunnar ehf.

- (1) KAUPANDI: Frjáls fjölmiðlun ehf.
- (2) SELJANDI: Pressan ehf.



Kaupsamningur þessi er gerður af Frjálsri fjölmíðlun ehf., kt. 571212-0640, (hér eftir „kaupandi”), og Pressunni ehf., kt. 420702-2640, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík (hér eftir „seljandi”).

1. HIÐ SELDA

1.1. Kaupandi lofar að kaupa og seljandi lofar að selja, með þeim skilmálum sem koma fram í samningi þessum:

- a. Firmanafnið og vörumerkið „Pressan“, vefmiðilinn www.pressan.is og lénið „www.pressan.is“, sem er nýtt í rekstri seljanda, ásamt öllum þeim upplýsingum og gögnum sem undir léninu er að finna á hverjum tíma; og
- b. Firmanafnið, vörumerkið og útgáfurétt tímaritsins „Bleikt“, sem og vefmiðilinn www.bleikt.is og lénið „www.bleikt.is“, sem er nýtt í rekstri seljanda, ásamt öllum þeim upplýsingum og gögnum sem undir léninu er að finna á hverjum tíma.
- c. Firmanafnið og vörumerkið „Eyjan“ sem og vefmiðilinn www eyjan.is og lénið „www eyjan.is“, sem er nýtt í rekstri seljanda, ásamt öllum þeim upplýsingum og gögnum sem undir léninu er að finna á hverjum tíma.
- d. Firmanafnið og vörumerkið „433“ sem og vefmiðilinn www.433.is og lénið „www.433.is“, sem er nýtt í rekstri seljanda, ásamt öllum þeim upplýsingum og gögnum sem undir léninu er að finna á hverjum tíma.
- e. Öll hlutabréf í ÍNN ehf
- f. Eignarhlutur (50%) í Netdoktor, útgefanda doktor.is
- g. Firmanafnið, vörumerkið og útgáfurétt tímaritsins „Birta“, sem er nýtt í rekstri seljanda, ásamt öllum þeim upplýsingum og gögnum sem undir heyra á hverjum tíma.

1.2. Til nánari skilgreiningar á hinu selda þá nær hugtakið útgáfuréttur til réttinda til þess að taka við útgáfu framangreindra miðla í núverandi mynd og/eða breyttri mynd, og gefa þá út með sama heiti í framtíðinni.

1.3. Jafnframt fellur undir hugtakið útgáfuréttindi öll vörumerki sem þeim fylgja og fylgja ber, sbr. framangreint skráð vörumerki auk óskráðra vörumerkjana sem tilheyra seljanda og tengjast útgáfu hans á framangreindum miðlum.

1.4. Innan útgáfuréttarins fellur einnig réttur til allrar hönnunar, uppbyggingar og almenns útlits miðlanna, verklags (e. know-how) vegna vinnslu og útgáfu þess, og allra annarra efnislegra og óefnislegra þátta og hugverkaréttinda sem nauðsynleg teljast til þess að útgáfa miðlanna geti haldist óbreytt, og eftir atvikum þróast, m.a. réttur til að breyta þeim hugverkum sem um ræðir og framselja þau. Meðal annars falla undir þetta ljósmyndir sem seljandi hefur öðlast rétt til, bæði eintök af filmum og ljósmyndum í hlutrænu og rafrænu formi, m.a. í rafrænum myndbönkum, og einnig sá hugverkaréttur sem seljandi hefur öðlast yfir ljósmyndunum, þannig að kaupandi öðlast við fullnustu sömu réttindi og seljandi nýtur nú og njóta kann yfir myndum í rafrænum myndabanka.

2. KAUPVERÐ OG GREIÐSLUTILHÖGUN

2.1. Kaupverðið er að fjárhæð kr. 276.000.000, – tvöhundruðþrjátíuogeinmilljón krónur -.

- 2.2. Kaupverðið greiðist með eftirfarandi hætti:
- Með yfirtöku á skuldabréfi útgefnu á Pressuna ehf. við að fjárhæð 80 m.kr.
 - Með yfirtöku á skuld Pressunnar ehf. við Íslandsbanka hf. að fjárhæð 36 m.kr.,
 - Með greiðslu 160 m.kr. í reiðufé þann 5. september 2017.
- 2.3. Kaupgreiðsla í reiðufé skal lagt inn á bankareikning að vali seljanda.
- 2.4. Yfirtaka á skuldum er háð þeim fyrirvara að samþykki kröfuhafa fyrir aðilaskiptunum fáist fram.
- 2.5. Kaup þessi eru háð þeim fyrirvara af hálfu kaupanda að tryggingabréfum, útgefnum af DV ehf og Vefpressunni ehf, 10. maí 2017 til Fjárfestingafélagsins Dalsins, verði aflétt og skráð úr lausafjárbók.

3. AFHENDING

- 3.1. Hið selda skal afhent kaupanda við undirritun samnings þessa eða síðar. Kaupandi tekur við öllum réttindum og skyldum hins selda frá og með afhendingu.
- 3.2. Seljandi skuldbindur sig til að afhenda þau gögn sem nauðsynleg eru til að færa eignarhald á hinu selda frá seljanda til kaupanda samkvæmt íslenskum lögum og samþykktum.

4. LÖGSAGA OG MEÐFERÐ ÁGREININGSMÁLA


- 4.1. Íslensk lög gilda um samning þennan. Öllum ágreiningi, sem kann að rísa vegna samnings þessa eða stofnunar hans, skal skotið til úrlausnar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Öllu framangreindu til staðfestingar undirrita aðilar samning þennan í votta viðurvist

Reykjavík 5. september 2017




f.h. Frjálsrar fjölmíðunar ehf.



Björn Ingí Hrafnsson


f.h. seljanda, Pressunnar ehf.,
Björn Ingí Hrafnsson, stj.formaður



Arnar Ægisson

f.h. seljanda, Pressunnar ehf.,
Arnar Ægisson, meðstjórnandi

Vottar að undirritun og dagsetningu:



Jórunn Ólafson hld 180716-5839